

Atlantsolía ehf  
Lónsbraut 2  
220 Hafnarfjörður


Reykjavík, 2. desember 2019  
UST201901-228/Á.M.  
08.06.02

### Reglubundið eftirlit í Atlantsólú Hafnarfirði, þann 6.11.2019

Þann 6. nóvember sl. fór fram eftirlit í Atlantsólú, Hafnarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit en tvær athugasemdir voru gerðar.

Virðingarfyllt

  
Ásta Maack  
Sérfræðingur

  
Halla Einarsdóttir  
Verkfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Reykjavíkurborgar

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Atlantsolía Hafnarfirði



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	6.11.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Ásta Maack
Fyrirtæki	Atlantsolía	Eftirlitsmaður	
Heimili	Lónsbraut 2	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	590602-3610	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Albert Valur Albertsson	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis	Bjarki Kristjánsson	Staðsetning	354728,781 399121,086

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit, en tvær ahugasemdir voru gerðar af eftirlitsmanni

## UMFANG EFTIRLITS

Dagskrá:

1. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða er kynnt
2. Viðbragðsáætlanir og tilkynningar vegna mengunaróhoppa/bráðamengunar hafs og stranda eru kynnt
3. Ástand olíugeyma, lagna, olíuskilja ofl.
4. Farið yfir eftirlitsskýrslu og frávik frá 2018
5. Rennt yfir starfsleyfi

1.&2. Í eftirliti var fundað með fulltrúum Atlantsolíu ehf. og áhættumat og viðbragðsáætlanir kynntar. Kerfisbundið mat á umhverfisáhættu var útskýrt sem og viðbragðsáætlun sem gott er að hafa í huga ef mengunaróhöpp eða bráðamengun koma fyrir á stöðinni.

3. Mánaðarblöð í rekstrarhandbók stöðvarinnar voru yfirfarin. Starfsleyfi, rekstrarhandbók, flæðirit, afsóðurit og viðbragðsáætlun voru til staðar og aðgengileg í stöðinni. Allir geymar, lagnir og olíuskiljur hafa verið hafa verið mæld og prófuð á síðustu árum. Á næsta ári skal þykktarmæla geyma G001B og G003A. Í eftirliti kom fram að nýr löndunarbarki var tekinn í notkun 2015 og var hann þrýstiprófaður. Seinni barkinn var þrýstiprófaður 2014 og því er komið að þrýsiprófun í ár.

4. Samkvæmt fyrri eftirlitsskýrslu stóð til að endurnýja dælu í gufuendurnýtingarbúnaði á árinu, og var það gert 2019. Viðgerðum á malbiki í lekaþró er lokið og er þróin snyrtileg og lýtur vel út. Til stendur að steypa kringum niðurföll á komandi árum, en ekki liggur á verkinu.

Samkvæmt eftirliti 2018 vantaði skráningu yfir þjálfun starfsmanna á viðbrögðum við mengunaróhöpp og slysum. Breytingar hafa orðið á rekstri starfsstöðvarinnar á síðasta ári, en starfsstöð er ómönnuð og sjá verktakar frá Olíudreifingu ehf. um löndun og skráningu í rekstrarhandbók. Atlantsolía vinnur við að því að skipuleggja námskeið fyrir starfsmenn, með Mannviti, og hafa tvö námskeið farið fram á árinu. Námskeiðin fjalla þó ekki sérstaklega um viðbrögð við mengunaróhöppum eða bráðamengun, en Umhverfisstofnun tekur fram að verktakar og aðrir starfsmenn skulu vera þjálfaðir til þess að takast á við mengunaróhöpp. Starfsmenn Olíudreifingar sem sjá um skráningar á stöðinni eru þjálfaðir í mengunaróhöppum og slysum og telst frávik frá 2018 því lokað.

Samkvæmt upplýsingum í eftirliti er láréttur ( $100\text{m}^3$ ) geymir tómur. Fulltrúar Atlantsolíu voru minntir á að gera Umhverfisstofnun viðvart ef geymirinn væri tekinn í notkun og að hann skildi þykktarmældur á 10 ára fresti. Umhverfismarkmið og trygging fyrir bráðamengun (1 milljón SDR) liggja fyrir. Starfsstöðin snyrtileg og skipulögð.

## ÁBENDINGAR


Samkvæmt rekstrarhandbók skulu starfsmenn kvitta fyrir athugun á olíuskiljum, sandskiljum og fleiri þáttum, ýmist daglega, vikulega, mánaðarlega eða árlega. Í eftirliti kom í ljós að skráningum er nokkuð ábótavant. Starfsmenn eru kvattir til þess að koma betra skipulagi á skráningar.

Þjálfar þarf starfsmenn í viðbrögðum við mengunarslysum og óhöppum

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

02.12.2019

  
Asta Maack